

From: Samgöngufélagið <samgongur@samgongur.is>
Sent: 19 February 2020 08:07
To: 'vegagerdin@vegagerdin.is' <vegagerdin@vegagerdin.is>
Cc: 'solveig.gisladottir@vegagerdin.is' <solveig.gisladottir@vegagerdin.is>
Subject: Fyrirspurn tengd áformum um gerð vegganga á Miðausurlandi

Vegagerðin
- til þess/þeirra er málið varðar.

Ágætu viðtakendur!

Samkvæmt tillögu að 15 ára samgönguáætlunum sem Alþingi hefur nú til meðferðar er áformað að ráðast í gerð næstu vegganga á landinu, á eftir göngum milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á Vestfjörðum, á Miðausturlandi. Þar hefur einkum verið horft til ganga undir Fjarðarheiði. Göng þá leið yrðu eftir því sem fram hefur komið um 13,4 km að lengd og mundu mjög gróft áætlað kosta 33.500 milljarða króna. Er að skilja að við ákvörðun um að stefna að gerð þessara ganga hafi verið stuðst nokkuð við skýrslu sem nefnist Seyðisfjörður - Valkostir og áhrif á Austurlandi og kom út í júní 2019.

Samgöngufélagið sendi síðbúna umsögn við tillögu að samgönguáætlun 2020 til 2034 þar sem aðeins er fjallað um jarðgangakosti á Austurlandi, sem sjá má hér og þar hafðar uppi efasemdir um framangreind áform.

Því leyfi ég mér að spyrja eftirtalinna spurninga og vonast til að unnt verði að veita skjót svör:

- Eru einhver fagleg rök fyrir því að jarðfræðirannsóknir hafi eingöngu farið fram á svæði mögulegra Fjarðarheiðarganga en ekki annarra ganga sem talin eru í skýrslunni og að margra mati eru ekki síður álitlegur fyrsti kostur en Fjarðarheiðargöng?
- Hvað hefur vegurinn um Fjarðarheiði verið oft lokaður vegna óveðra eða ófærðar síðustu fimm ár skipt niður í ár og annars vegar hluta úr degi og hins vegar heilan dag (sóláhring)?
- Hver er u.þ.b. árlegur kostnaður við að annars vegar halda út veginum um Fjarðarheiði þ.m.t. snjómokstur og hins vegar að halda honum við?
- Hve langan tíma gæti tekið að gera viðunandi jarðfræðirannsóknir á mögulegum veggangaleiðum milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar og Mjóafjarðar og Norðfjarðar og undir Mjóafjarðarheiði?
- Hver gæti kostnaður við slíkar jarðfræðirannsóknir verið?
- Hafa einhverjar rannsóknir verið gerðar á samfélaglegum áhrifum einstakra gangakosta á Miðausturlandi aðrar en finna má í áður nefndri skýrslu?
- Hefur einhver skoðanakönnun verði gerð meðal íbúa Miðausturlands um vilja heirra?
- Þess má loks geta að á vegum Samgöngufélagsins er í gangi skoðanakönnun meðal íbúa á Miðausturlandi sem lýkur í lok þessa mánaðar um hvað þeir telja heppilegast sem fyrsta kost: Fjarðarheiðargöng, tvenn göng milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar eða göng milli Seyðisfjarðar og Mjófjarðar og Mjóafjarðar og Héraðs. Væri vilji hjá Vegagerðinni til að taka þátt í kostnaði við þessa könnun, sem unnin er af Gallup og áætlaður kostnaður um kr. 200.000?

Með kveðju og fyrirfram þökk fyrir vonandi skjót en greinargóð svör,
f.h. Samgöngufélagsins,
Jónas Guðmundsson, fyrirsvarsmaður.





Efni: Jarðgangakostir á Austurlandi

Varðar fyrirspurn tengda áformun um gerð vegganga á Miðausturlandi sem bárust Vegagerðinni í tölvupósti 19.2.2020.

1. Alþingi veitti fjármunum í rannsóknir á gangaleið undir Fjarðarheiði og ákvað þar með að þar skyldi byrjað. Nákvæmlega hvaða rök hnigu að því koma mögulega fram í þingskjöllum.

Við undirbúning vegagerðar er eðlilegast að skoða fyrst stystu leið. Stysta leið er almennt samgöngulega best og því fagleg rök fyrir því að skoða hana og velja umfram aðrar leiðir. Seyðisfjörður mun hafa mest samskipti við Egilsstaði og stysta leið þar á milli er um eða undir Fjarðarheiði.

Til að tengja saman Héraðið og firði með jarðgöngum eru tvær leiðir sem gætu komið til greina, það er undir Fjarðarheiði og undir Mjóafjarðarheiði. Það er ekkert sem, liggur fyrir og bendir fyrir fram á að mun betri aðstæður séu til gangagerðar á annarri gangaleiðinni, þvert á móti. Önnur göngin eru lengri og dýrari, það liggur ljóst fyrir og þarf engar rannsóknir til að sýna fram á það. Það liggur líka ljóst fyrir að lengri göngin leiða til stystu leiðar og betra samgöngukerfis, það er styttri akstursvegalengda, sem er eins og áður segir almennt markmið.

2. Lokanir á Fjarðarheiði:

	Lokanir á Fjarðarheiði	
	Heill dagur	Hluti af degi
2015	2	50
2016	0	34
2017	1	25
2018	0	29
2019	1	27